



Reykjavík



Nýr vefur og þýðingar

Reykjavik.is





Nýi vefurinn





- Áherslan er góð notendaupplifun
- Notendarannsóknir
- Hanna er hönnunarkerfið okkar



Petta er Hanna

- Þessi vingjarnlega týpa
- Hún er traust
- Hún er litrík





Góð þjónusta

Vefurinn er fyrst og fremmst fyrir íbúa. Okkar hlutverk er að veita góða þjónustu.

Það gerum við með því að nota rödd Hönnu. Við erum skýr og tölum beint til notendans (íbúans).

1 Traust – en ekki torskilin

Það er nauðsynlegt að geta treyst þeim upplýsingum sem vefurinn gefur upp. Að sama skapi þarf að gæta vel að því að málfar verði ekki of stofnanalegt, þurrt og torskilið. Fín lína, en mikilvæg.


2 Vingjarnleg – en ekki væmin

Við sýnum þolinmæði í samskiptum og útskýrum hlutina á mannamáli, án þess þó að virka væmin eða yfirlætisfull.

3 Litrík - en ekki léttgeggjuð

Þar er að finna ólíka einstaklinga úr ýmsum áttum, sem öll eiga skilið að geta sótt sér auðskiljanlegar upplýsingar við hæfi. Tónninn er því léttur og auðlesanlegur, án þess þó að fara út í óþarfa sprell.

Hæ! Hvernig getum við aðstoðað?



Hvernig er þetta gert?

Þarfir notenda eru settar í forgang.

1 Samvinna

Allir með sama markmið sem er að tala beint til notendans (íbúans).

2 Endurskrifa efni

Skrafa mikið efni af gamla Rvk upp á nýtt.

3 Færa efnið yfir á nýja vefinn

Bakendinn er einfaldur. Við notum einingar sem við röðum upp eftir reglum hönnunarkerfisins. Notum myndskreytingar.

Leikskólar

Í rúmlega 60 leikskólum borgarinnar dvelja hátt í sex þúsund börn. Sérútbúnar ungbarnadeildir eru í mörgum skólum. Það eru líka átján sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar læra börnin á skapandi hátt allt milli himins og jarðar og ekki síst að vinna saman.

Þú getur sótt um þann leikskóla sem hentar þér og þínu barni best. Það þarf ekki endilega að vera leikskóli sem er næstur heimili ykkar.

[Sækja um leikskóla](#)[Leikskólar borgarinnar](#)

Að byrja í leikskóla

Hver leikskóli er sérstakur. Sumir leggja áherslu á samskipti, lestur eða ritmál, aðrir á stærðfræði, náttúru og umhverfismál. Nærvera foreldra er áriðandi þegar barnið er í aðlögun í leikskólanum.

[Sjá meira um leikskólastarfið](#)



Skýr texti

- Verður til þess að allir óháð kyni, menntun, þjóðerni eða fötlunar geti sótt sér upplýsingar
- Nýtist líka fólki sem er með takmarkaða íslenskukunnáttu og auðveldar þýðingar



Býðingar



Stafrænt efni

Reykjavik.is

- Ótal undirsíður
- 150 pennar

Aðrar síður

- 350 sérvefir og undirlén





Áskorunin

Vantar tæknilegar lausnir
Mjög margir pennar
Efni getur úrelst






Verkefnin okkar

Tæknilegir innviðir

- Reykjavik.is
- Wordpress
- Sérverkefni


Tillaga fyrir MNL-ráðið





Næstu skref

**Þýðingaminni og vélþýðingar
Gæðavettvangur starfsfólks**





Þjónusta óháð tungumáli